

nákvæmara álits hans um þetta efni, og mælumst vör því til, að þér, herra stiptamtmaður, leggið honum fyrir, að láta uppi álit sitt, og sendið það svo hingað ásamt yðar eigin athugasemdum.

1870.
5. nóvbr.

101. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um launalög embættismanna.

7. nóvbr.

Hér með sendum vör yður, herra stiptamtmaður, til leiðbeiningar nokkur exemplör af lögum 26. marz 1870, innihaldandi almenningar ákvarðanir um laun embættismanna og embættisþjóna eða sýslunarmanna o. s. fr., ásamt tveimur hér til heyrandi tilskipunum, 2. apríl 1870, um það, hvernig embættismenn og embættisþjónar, sem hafa nafnbót, er eigi stendur í sambandi við embættið sjálft, eigi að fara að, til að fríast við nafnbótina, og 17. septbr. 1870, um aðgang fyrir embættismenn og embættisþjóna til þess að segja af sér nafnbótum, sem þeim hafi verið veittar, og mælumst vör til að þér sendið sýslumönnunum í yðar umdæmi sitt exemplarið af hverju, lögunum og tilskipununum, til eptirbreytni, er þeir heimta skatt af nafnbótum.¹

102. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um útbýting á garðfræi í suður-amtinu.

7. nóvbr.

Í bréfi 7. f. m. hafið þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að þá er yður hafið borizt bréf dómsmálastjórnarinnar 26. febr. þ. á., hafið þér látið auglýsa á manntalsþingum í suðurumdæminu, að gjafafræi verði útbýtt í síðasta skipti þetta ár, en síðan hafið þér efazt um, hvort þér hafið skilið rétt fyrir nefnt bréf dómsmálastjórn-

¹) Samhljóða bréf eru sama dag send hinum amtmönnunum.

1870.

7. nóvbr.

arinnar, eða hvort vænta megí, að sent verði garðfræ á næsta vori til útbýtingar. Hafið þér getið þess, að með því að fyr nefnd auglýsing á manntalsþingunum er fram farin, virðist yður það ekki allskostar haganlegt, að því leyti er snertir suðurumdæmið, að fræið verði sent, en stingið uppá, að verja megí því, sem til er á þessu fjárhagsári af því fê, sem veitt er til að efla garðyrkju, o. s. fr., til þess, að kaupa sprengipúður, og mælist til að fá 100 pund af því í járnkassa, sem þér hafið sent hingað í þessu skyni, en að það, sem þá eptir verður af peningunum, verði fengið yður til umráða, til að verja því samkvæmt því, sem til er ætlað með fjárveitingunni.

Útaf þessu skal þess getið, að það er sá eini rætti skilningur á hinum fyr nefnda úrskurði stjórnarráðsins, að garðfræ verði útbýtt í síðasta skipti í vor, og þareð hvorugur hinna amtmannanna hefir mælt til að fá garðfræ að vori, þá bendir þetta einnig til, að þeir hafi einnig skilið úrskurðinn eins.

Jafnframt gefum vèr yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið mun hlutast til um, að 100 pund af sprengipúðri verði sent í járnkassanum með þeirri ferð pósgufuskipsins, sem nú á að byrja hëðan, en ekki finnst næg ástæða til, að afsala stiptamtinu til umráða eptirstöðvarnar af þeim hluta fjárins, sem suðurumdæminu er ætlaður.

7. nóvbr.

103. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um laun málafærslumanna við landsyfírrættinn.

Í bréfi 29. septbr þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, meðal annars spurt, hvort svo sè að álíta, sem þóknun sú, 250 rd. á ári, er hingað til hefir verið veitt hvorum þeirra tveggja settu málafærslumanna við hinn íslenska landsyfírrætt, sè með úrskurði dómsmálastjórnarinnar 2. júlí þ. á. færð niður til 200 rd., eða hvort megí borga þeim þá 50 rd., sem eptir standa, úr einhverjum öðrum